

Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

5. fundur stýrihóps

Staður: Skútustaðahreppur

Tími: 18. janúar 2017 kl. 10:00-12:30

Mætt voru:

Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun

Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun

Engilráð Ósk Jónsdóttir, Landsnet

Hjalti Jóhannesson, RHA

Jóna Björg Hlökkversdóttir, Ferðamálasamtökum Þingeyjarsveitar

Dagbjört Jónsdóttir fulltrúi Þingeyjarsveitar

Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi

Starfsmenn:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi, boðaði forföll

Helena Eydís stýrði fundi. Gréta Bergrún ritaði fundargerð.

1. Setning.

Jóhanna Harpa Árnadóttir setti fundinn og fór yfir stöðuna á eigendasamkomulagi vegna verkefnisins. Munnlegt samkomulag er til staðar varðandi eignarhald Landsnets og framundan að vinna að skriflegu samkomulagi og aðkomu fleiri eigenda.

2. Tillaga að vísun

- a. Yfirlit vísa – upprifjun á vinnuferli
Helena rifjaði upp vinnuferli við mótun vísana, fundi með almenningi, samantekt á þeirri vinnu, samráð við faghópa, samráð við almenning og ungmenni. Afrakstur þessa eru núverandi tillaga að vísun.
- b. Tillaga að sérvinnslum og aðkeyptum rannsóknum og kostnaður vegna þeirra
Lögð var fram tillaga að sérvinnslu vegna vísa og einni aðkeypti rannsókn. Verkefnisstjóri fór yfir vísana og lýsti ástæðum fyrir sérvinnslum ásamt aðferðum við aðkeypta rannsókn (vísir 2.11).
Áætlað hámarksverð við sérvinnslu gagna og aðkeypta rannsókn er: 3.543.080 kr. Meðalverð á ári er áætlað 1.462.880 kr.
Rætt sérstaklega um vísir 2.11 Mengunarefni í dýralífi sjávar. Rannsóknin kostar 2.500.000 kr. Rætt var um hvort aðrar leiðir s.s. að mæla eingöngu mengunarefni í þangi, væru færar. Þá var einnig rætt hvort vísirinn væri nauðsynlegur.

Stýrihópur samþykkir að leggja til við eigendur verkefnisins að tillaga að sérkeyrslum og aðkeyptum rannsóknum verði samþykkt. Þá leggur stýrihópur til að verkefnisstjóri leiti til sérfróðs aðila um álit á vísí 2.11 um hvort þörf sé á honum og hvort losun til lofta geti haft áhrif á mengunarefni í sjó.

c. Staðfesting á tillögu að vísu.

Fyrir stýrihópi lá tillaga að vísu verkefnisins. Í tillögunni sem er afurð samráðsferlis eru 37 vísar.

Umræða fór fram um fjölda vísa og mælipunkta, rætt var um að einfalda framsetingu vísanna þannig að vísar sem falla undir sama flokk s.s. öryggi íbúa og lífríki verði sameinaðir undir einum flokki.

Starfsleyfi fyrir PCC hefur ekki verið gefið út og því erfitt að skilgreina efnavöktun í vísí 2.1 fyrr en ljóst er hvaða efni PCC Bakki Silicon verður heimilt að losa samkvæmt starfsleyfi.

Stýrihópur samþykkir að leggja til við eigendur verkefnisins að núverandi tillaga að vísu verði notuð við vöktun verkefnisins. Stýrihópur gerir þó fyrirvara við vísí 2.1 um loftgæði þar sem starfsleyfi vegna PCC Bakki Silicon hefur ekki verið gefið út og leggur til að tekið verði tillit til starfsleyfisins þegar endanleg mótun vísisins fer fram. Þá leggur hópurinn til að flokkar verði sameinaðir til einföldunar.

3. Vefsíða verkefnisins

a. Svar stýrihóps Sjálfbærni-verkefnisins á Austurlandi við ósk um að verkefni deili vefsíðu.

Í svarinu kemur fram að stýrihópur Sjálfbærni-verkefnisins á Austurlandi taldi ekki tímabært að hefja samstarf um rekstur vefsíðu, m.a. þar sem verkefni eru á ólíkum þróunarstigum.

Stýrihópur Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi þakkar stýrihópi Sjálfbærni-verkefnisins á Austurlandi fyrir svörin. Við teljum jákvætt að verkefni birti tengla á vefi hvers annars og vísí þannig á hvort annað.

b. Næstu skref

i. Megin línur í hönnun vefs og varðveislu gagna.

Kynning – verkefnisstjóri kynnti minnisblað sem nota má í samræðum við hugbúnaðarhús vegna hönnunar vefsins.

ii. Tilboð Stefnu í smíði vefs.

Stýrihópur Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi leggur til að að óskað verði eftir tímasettri verð áætlun frá Stefnu. Þá verði óskað eftur föstu verði, tímasettri afhendingu og lýsingu á hvernig endanlegu verki er skilað. Þá leggur stýrihópurinn einnig til að leitað verði tilboða hjá öðrum hugbúnaðarhúsum og tilboðum vísað til annarrar umræðu í stýrihópi í tölvupósti þegar tilboðin liggja fyrir.

c. Lén og heiti

Eftirfarandi tillögur að heiti og lénum fyrir verkefnið voru ræddar.

Heiti	Lén
Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi	www.sna.is www.sjalfbaer.is
Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbær þróun og á Norðausturlandi	www.sdsr.is sustainable development and social responsibility
Sjálfbært Norðausturland	www.sjalfbaer.is
Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni	www.sasb.is
Víti	
Klif	
Gæska	
Skeiðin	www.skeidin.is
Hitur	www.hitur.is

Umræða fór fram um að verkefnið hétu Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi og að lénið gæti verið annað en heitið. Nokkrar tillögur voru ræddar og vöktu eftirfarandi tillögur mesta athygli: vakt.is , vaktarinn.is , gaumun.is , gaum.is , gaumur.is

Stýrihópur leggur til að verkefnið hafi heitið Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi og að sótt verði um lénið www.gaumur.is og www.gaum.is þá er lagt til að í samkomulagi eigenda verði skilgreint að lénið tilheyri verkefninu en ekki eigendum sjálfum. Verkefnisstjóra falið að skrá lénið í samráði við eigendur.

4. Hagnýting verkefnisins – umræður

Jóhanna Harpa Árnadóttir, fulltrúi Landsvirkjunar, óskaði eftir umræðu um hagnýtingu verkefnisins, þ.e. hvernig megi vekja áhuga á verkefninu og tryggja að það nýtist samfélaginu.

Eftirfarandi hugmyndi komu fram:

- Í ársáætlun verkefnisins verði gert ráð fyrir árlegum kynningum fyrir sveitarfélögin, hvort tveggja kjörna fulltrúa og starfsmenn sveitarfélaganna. Þar verði niðurstöður ársins á undan kynntar á formlegum fundi sem haldinn verði í aðdraganda ársfundar verkefnisins.
- Gert verði ráð fyrir sambærilegum fundum með starfsmönnum eigenda á sem starfa á miðsvæði.
- Verkefnisstjóri heimsæki skóla (öll skólastig eftir atvikum) og kynni verkefnið og möguleika á að nýta það í skólastarfi fyrir kennurum en einnig fyrir nemendum eftir því sem við á.
- Verkefnisstjóri útfæri í ársáætlun birtingaráætlun sem sýni hvenær áformað er að gögn vegna vísa verði birt á vef.
- Að vefur verkefnisins bjóði upp á að senda nýjar uppfærslur út á póstlista og að fólk get gerst áskrifendur að fréttum af verkefninu.

Fundi slitið kl. 12:30